

66. kirkjuþing 2024-2025

3. mál – þskj. 3a

Á F A N G A S K Ý R S L A

**um kosti þess og galla að rýmka kosningarrétt við
biskups-, vígslubiskups- og kirkjuþingskosningar.**

Flm: Magnús Erlingsson og Auður Thorberg.

Áfangaskýrsla um kosti og galla rýmkunar kosningaréttar við biskups- og kirkjuþingskosningar

Október 2024

I. Inngangur

Kirkjuþing 2023 - 2024 ályktaði að kanna skyldi kosti þess og galla að rýmka kosningarrétt við biskups-, vígslubiskups- og kirkjuþingskosningar og að lögð skyldi fram áfangaskýrsla á reglulegu kirkjuþingi 2024-2025. Nefnd kirkjuþings hefur unnið að málinu og gerir grein fyrir helstu niðurstöðum á þessu stigi málsins í skýrslu þessari. Rætt hefur verið við ýmsa sérfróða aðila og kosningareglur norrænu kirknanna athugaðar. Einnig hefur kostnaður við rafrænar kosningar verið kannaður miðað við tilteknar kröfur um öryggi, aðgengileika o.fl.

Í 4. gr Þjóðkirkjulaða segir: *Þjóðkirkjan skal í starfsháttum sínum hafa í heiðri grundvallarreglur jafnræðis og lýðræðis.* Kosningareglur kirkjunnar verða að samræmast þessum kröfum.

Telja verður að rafrænar kosningar séu í dag eini raunhæfi kosturinn, enda almenna reglan í kosningum innan kirkjunnar, þó þannig að kjörstjórn er heimilt en ekki skylt að ákveða að almenn prestskosning skuli vera rafræn. Kostnaður er ekki verulegur og því vart hindrun. Nefndin telur að ályktun kirkjuþings lúti að því að rýmkun kosningaréttar gildi með sama hætti við bæði biskups- og kirkjuþingskosningar..

Niðurstöður nefndarinnar eru lagðar fram til umræðu og sem veganesti til áframhaldandi vinnu og eftir atvikum endurmats á hugmyndum að breytingum.

II. Kostir

Helstu niðurstöður nefndarinnar um kosti rýmkunar kosningaréttar við biskups- og kirkjuþingskjör eru:

1. Þjóðkirkjulög og kosningaákvæði kirkjunnar verða samræmd

- Grundvallarreglur jafnræðis og lýðræðis virtar
- Lýðræðislegir starfs- og stjórnarhættir styrkjast

2. Sterkara samband skapast milli kirkju og þjóðar

- Yngra fólki auðvelduð aðkoma
- Einstaklingurinn öðlast meira áhrifavald á mótun þjóðkirkjunnar

3. **Bætt viðhorf til kirkjunnar**
 - a. Máli skiptir að tilheyra kirkjunni
 - b. Nútímalegri ásýnd á starfsemi kirkjunnar

4. **Kynning á þjóðkirkjunni og málefnum hennar eykst**
 - a. Umræður, kynningarstarf og auglýsingar í tengslum við kosningar vekur athygli og viðbrögð ef vel tekst til

5. **Jafnræðisgrundvöllur (beint lýðræði) en ekki fulltrúalýðræði**
 - a. Í samræmi við Nýja Testamentið og skoðanir Marteins Lúthers
 - b. Söfnuðir öðlast meiri áhrif í starfi kirkjunnar

6. **Rafrænar kosningar auðvelda fjölgun kjósenda**

III. Gallar

Helstu niðurstöður um hugsanlega galla rýmkunar kosningaréttar við biskups- og kirkjuþingskjör eru:

1. **Orðsporsáhætta**
 - a. Dræm kosningaþátttaka hugsanleg sem gæti dregið fram lágt þátttökuhlutfall kjósenda á kjörskrá
 - b. Hugsanlega líkur á átökum á meðal frambjóðenda sem geta verið neikvæðar

2. **Aukinn kostnaður samhliða stærri kjörskrá**
 - a. Mögulega kostnaðarsamt að stækka kjörskrána og halda kosningar með stórri kjörskrá
 - b. Kostnaður frambjóðenda getur aukist og sem getur verið hindrun
 - c. Hugsanlega aukið vinnuálag á starfsfólk með afleiddum kostnaði

IV. Niðurstöður

1. **Kostir við rýmkun kosningaréttar vega mun þyngra á metunum en gallar**
2. **Kostnaður við slíkar rafrænar kosningar er ekki þröskuldur**
3. **Álitamál hvort núverandi reglur standast kröfur þjóðkirkjulaga**
4. **Niðurstaða:**

Allt þjóðkirkjufólk sem greiðir sóknargjöld til safnaðar síns njóti kosningarréttar við kirkjuþings- og biskupskjör, líkt og við kosningar á safnaðarfundum (Fjöldi gjaldenda árið 2024 er 184.500).

V. Nauðsynlegar breytingar

Almennur kosningarréttur leiðir af sér brýna þörf á umræðu um tvær aðrar breytingar á kosningareglum við kirkjuþings sem nefndin telur óhjákvæmilegt annað en ræða í tengslum við fjölgun kjósenda.

1. **Sameining kjördeilda leikra og vígðra við kirkjuþingskosningar**

- a. Leikir kjósa nú leika til kirkjuþings
- b. Vígðir kjósa nú vígða til kirkjuþings

Í samræmi við þjóðkirkjulög ætti að afnema mismunun og gera alla kjósendur jafnsetta.

2. **Kjördæmaskipan við kirkjuþingskosningar sú sama fyrir leika og lærða**

- a. Prófastsdæmin níu eru kjördæmi leikmanna
- b. Kjördæmi vígðra, þrjú talsins, eru höfuðborgarsvæðið og Hóla- og Skálholtsumdæmi
- c. Prófastsdæmi verði kjördæmi allra – afnema á sérstök kjördæmi vígðra

Samræmist grundvallarskipan kirkjunnar og tengsl kjósenda við þingfulltrúa í kjördæminu verða styrkari

Héraðsfundir geta verið vettvangur samtals og skoðanaskipta um kirkjuþingið fyrir alla fulltrúa prófastsdæmisins.

VI. Aðrar breytingar

Nefndin hefur rætt ýmis önnur álitaefni sem tengjast kosningakerfi kirkjunnar. Þau eru helst

1. **Forskráning kjósenda á kjörskrá í öllum kosningum forsenda kosningarréttar**
2. **Opinber birting kjörskrár í öllum kosningum**

3. Einn vígður sitji fyrir hvert kjördæmi (prófastsdæmi)
4. Kosningarréttur og kjörgengi fari saman við kirkjuþingskosningar
5. Landið eitt kjördæmi við kirkjuþingskosningar líkt og er við biskupskjör
6. Afnáam frátekinn sæta vígðra á kirkjuþingi eða þak á fjölda launaðra starfsmanna
Þjóðkirkjunnar í hverju prófastsdæmi (fjöldi atkvæða ráði úrslitum)
7. Skírn og ferming sé forsenda kosningaréttar

Auður Thorberg
Guðmundur Þór Guðmundsson
Magnús Erlingsson, form.